

Lagabreytingatillaga frá Ungmennafélagi 2020 um aldurstakmark í Ungmennaráð BÍŚ

25. grein laga BÍŚ hljóðar svo:

Á vegum stjórnar BÍŚ starfa ávallt fjögur fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans. Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings. Í hverju fastaráði BÍŚ skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 16-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarföngja og flokksföngja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍŚ fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Á vegum stjórnar BÍŚ starfa ávallt fjögur fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans. Kosnir skulu að lágmarki þrjú í hvert fastaráð til tveggja ára. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði skátaþings. Í hverju fastaráði BÍŚ skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera **25 ára eða yngri** á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarföngja og flokksföngja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að að BÍŚ fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.

- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta.

Greinagerð:

Ungmennafing skáta, sem haldið var 8. febrúar 2020, samþykkti að leggja fram sameiginlega lagabreytingatillögu um aldurstakmark í Ungmennaráð BÍS.

Eitt aðalmarkmið skátahreyfingarinnar er að styrkja og virkja ungt fólk og gera þau að virkum samfélagsþátttakendum og það að hafa lágmarksaldur til að vera í ungmennaráði er dæmi sem gengur bara ekki upp. Við eigum ekki að vera að stoppa ungt fólk sem vill hafa áhrif til að bjóða sig fram í þessar stöður heldur frekar hvetja þau og styðja þau í þeim hlutverkum sem þau sýna áhuga á. Með því að taka lágmarksaldurinn í burtu erum við að opna fyrir það að áhugasamt, virkt, ungt fólk fái að taka þátt í ákvarðanatöku innan BÍS óháð því hvað þau eru gömul.

Samþykkt á ungmennafingi 8. febrúar 2020
Ásgerður Magnúsdóttir.